

Þrettánda fundur 2014 var haldinn að Breiðabliki miðvikudaginn 12. nóvember kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Katrín Gísladóttir, Atli Sveinn Svansson, Halldór Jónsson og Gísli Guðmundsson sem tekur sæti Þrastar Aðalbjarnarsonar þar sem hann er fluttur.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Kjörgengi hreppsnefndarmanns og bréf frá Þresti Aðalbjarnarsyni dagsett 9. nóvember.
Þróstur flutti lögheimili sitt að Lágholti 21 í Stykkishólmi 27. október síðastliðinn og hefur því misst kjörgengi sitt í hreppsnefnd. Gísli Guðmundsson tekur því sæti í hreppsnefnd. Halldór Jónsson sæti í eigendaráði Svæðisgarðs. V. Hrefna Birkisdóttir í fræðslu og skólanefnd og Harpa til vara. Gunnar Guðbjartsson tekur sæti í skipulags og byggingarnefnd.
Halldór og Gísli leggja fram bókun: Vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis meirihluta hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps í málefnum leikskóladvalar dætra minna, Alexöndru Ástu og Bjarndísar Erlu, við Leikskóla Stykkishólms. Er mér nauðugur sá kostur að flytja lögheimili mitt í annað sveitarfélag. Það er gert svo að dætur okkar muni njóta viðhlýtandi þjónustu sem við foreldrar þeirra teljum þeim fyrir bestu og byggt á áður framsettum rökum. Þar sem meðal annars er byggt á ítarlegum greinargerðum, sem sveitarfélagið óskaði eftir. Þessar greinargerðir voru unnar af sérfræðingi á sviði leikskólabarna annarsvegar, Helgu Alexandersd. leikskólastjóra við Laugarsól og Klöru Bragad. Þáverandi sálfræðingi Laufgarðisskóla.
Bókun oddvita: Þegar erindi foreldra um að fara í viðræður við Stykkishólmsbæ var til meðferðar hjá sveitarfélaginu var vandað til verka og hagsmunir sveitarfélagsins hafðir að leiðarljósi. Ljóst var að kostnaðurinn hefð orðið mikill og ef samið hefði verið við Stykkishólmsbæ á þeim nótum sem sótt var um hefði skapast fordæmi sem leitt hefði til þess að ekki hefði verið hægt að halda úti leikskóla né grunnskóla með eðlilegum hætti. Vandalaust hefði verið að veita leikskólabörnunum vandaða og góða þjónustu hér í sveitarfélaginu. Í stað þess að vera með málefnalega og vandaða umræðu í hreppsnefnd um skólamál ákváðu fulltrúar F- listans í hreppsnefnd að fara þessa leið til að, að mínu mati, veikja grunnstoðir okkar samfélags. Harma ég þessi vinnubrögð þeirra.
2. Fasteignagjöld.
 - Erindi frá Gísla Guðmundssyni dagsett 24. Október og varðar stofn fasteignargjalda.
 - Erindi frá Þórð Runólfssyni dagsett 13. Október og varðar fyrirspurn um álagningu fasteignagjalda. **Vegna ábendinga eftir síðasta hreppsnefndarfund var strax sett í skoðun hvernig staðið hefði verið að skráningum undanfarin ár. Unnið hefur verið að lagfæringum á skráningum og verður þeirri vinnu vonandi lokið fyrir 1. Des. Oddvita falið að svara erindunum. Gísli vill áréttta að erindi sem send eru á sveitarstjórn séu send undirrituð og þá frekar skönnuð til sendingar en óundirritaðir tölvupóstar.**
 - Fasteignagjöld fyrir 2015 A og C. **Ákveðið 0,5 %**
3. Útsvarsprósenta fyrir 2015. **Ákveðin 14,48**

4. Laun oddvita og þóknun vegna hreppsnefndar og nefnda á vegum hreppsins og skrifstofukostnaður.
 - **Laun oddvita ákveðin kr. 250.000,- á mánuði.**
 - **Þóknun fyrir hreppsnefndarfundi kr. 15.000,- á fund**
 - **Formenn nefnda kr. 13.000,- á fund**
 - **Nefndarlaun á fund kr. 9.000,-**
 - **Skrifstofukostnaður óbreyttur.**
5. Staðgreiðsluáætlun 2015. **Lögð fram.**
6. Fjárhagsáætlun 2015 seinni umræða. **Samþykkt.**
7. Fjárhagsáætlun 2016-2018 fyrri umræða. **Samþykkt.**
8. Samþykktir Eyja og Miklaholtshrepps. **Samþykkt að breyta fundartíma frá miðvikudegi til fimmtudags.**
9. Bréf dagsett 24. Október frá Gísla Guðmundsyni og varðar brunavarnir í Eyja og Miklaholtshrepp. **Gísli óskar eftir því að unnið verði að breyttu skipulagi við slökkvilið og farið verði í viðræður við Stykkishólm með fyrstu hjálp.**
10. Bréf dagsett 28. október frá slökkviliðsstjóra og varðar íþróttahús. **Oddvita falið að fara yfir stöðuna á brunavörnum í húsinu fyrir not þess sem íþróttahús.**

Til kynningar:

1. Farið yfir fund oddvita með Snæfellsbæ, Borgarbyggð og Dalabyggð um eignarhald á Laugargerðiskóla 15. október. **Oddvita falið að halda áfram viðræðum og reyna að komast áfram með þessi mál.**
2. Farið yfir fund með Snæfellsbæ, Borgarbyggð og Ólafi Sveinssyni um ljósleiðaramál á sunnanverðu Snæfellsnesi 15. október.
3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðisnefndar Vesturlands lögð fram

Fundargerðir lagðar fram til kynningar:

1. Fundargerð skóla og fræðslunefndar frá 24. október lögð fram. **Lögð fram og samþykkt.**
2. Fundargerð 122 fundar heilbrigðisnefndar vesturlands lögð fram
3. Bréf frá heilbrigðisfulltrúa vesturlands dagsett 5. nóvember
4. Fundargerð stjórnar SSV frá 10. október

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)